



Fundargerð

530. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, fimmtudaginn 30. apríl 2026.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jenson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn klukkan 10:48.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu:

1. 2604011 - Minjastofnun Íslands

Lagt fram bréf frá Minjastofnun Íslands, dagsett 18. apríl 2026. Í bréfinu er greint frá að Skaftárhreppur hefði fengið krónur 900.000 í styrk úr Húsafriðunarsjóði vegna húsakönnunar í Skaftártungu. Sveitarstjórn fagnar þessum styrki og öðrum sem sveitarfélagið hefur fengið í þetta verkefni.

2. 2604014 - Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Lagt fram bréf frá Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs, dagsett 20. apríl 2026. Í bréfinu kemur fram að Skaftárhreppur hefur fengið hámarks framlag að upphæð krónur 1.139.414 vegna fyrirhugaða úrbóta í aðgangsmálum fatlaðra við kirkjur í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn fagnar þessum styrki og öðrum sem sveitarfélagið hefur fengið til að laga aðgengi fyrir alla.

3. 2604020 - Kosning í fastanefndir skv. 41. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps nr. 923 2024

Kosning í Yfirkjörstjórn Skaftárhrepps, oddviti gerði grein fyrir því að Jón Atli Jónsson og Gunnar Vignir Sveinsson, hefðu óskað eftir því að láta af störfum í Yfirkjörstjórn Skaftárhrepps. Oddviti, lagði fram tillögu um að í stað þeirra tækju sæti í stjórninni, María Rúnarsdóttir og Ragnheiður Hlín Símonardóttir; var tillaga oddvita samþykkt í einu hljóði.

Yfirkjörstjórn Skaftárhrepps er því þannig skipuð: Aðalfulltúar, Sigrún Böðvarsdóttir, formaður, Þórunn Júlíusdóttir og Rannveig Ólafsdóttir. Varafulltrúar, Margrét Guðmundsdóttir, María Rúnarsdóttir og Ragnheiður Hlín Símonardóttir.

Björn Helgi Snorrason, vék af fundi undir lið 3

BHS
Shi. AL
1713 Bes J.S.



4. 2604018 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Lögð fram umsókn um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-B stærra gistiheimili. Heiti staðar er Tjaldsvæðið Kirkjubæ 2, Kirkjubæ 2, Kirkjubæjarklaustri. Sveitarstjórn samþykkti í einu hljóði á milli funda sinna, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

5. 2604023 - MAST - Matvælastofnun

Lagt fram bréf frá Matvælastofnun, dagsett, 14. apríl 2026 vegna nýrrar reglugerðar um flutning fjár yfir varnarlinur. Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði að fela sveitarstjóra að senda þessa nýju reglugerð á formenn fjallskilanefnda sveitarfélagsins.

6. 2604024 - Félagsheimilið Fossbúð

Lagður fram undirskriftarlisti frá 7. apríl 2026, þar sem framkvæmdum á lóð Félagsheimilisins Fossbúðar, Ytri-Skógum er andmælt. Oddviti gerði grein fyrir málinu.

Fundargerðir:

7. 2604022 - Arnardrangur hses.

Lögð fram til kynningar, fundargerð 26. stjórnarfundar Arnardrangs hses. frá 23. mars 2026 ásamt ársreikningi 2025.

8. 2604012 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)

Lögð fram til kynningar, fundargerð 634. fundar stjórnar SASS frá 6. mars 2026.

9. 2604013 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)

Lögð fram til kynningar, fundargerð 635. fundar stjórnar SASS frá 10. apríl 2026.

10. 2604015 - Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu

Lögð fram til kynningar fundargerð 98. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu frá 24. mars 2026.

11. 2604016 - Skógasafn

Lögð fram til kynningar, fundargerð aðalfundar Skógasafns frá 27. mars 2026 ásamt ársreikningi 2025 og ársskýrslu.

BHS
sh. AG
GFS JG.
1714



12. 2604017 - Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Lögð fram til kynningar, fundargerð 253. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 24. mars 2026 ásamt ársreikningi 2025.

13. 2604019 - Samtök orkusveitarfélaga

Lögð fram til kynningar, fundargerð 90. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga frá 28. janúar 2026.

14. 2604021 - Bergrisinn bs.

Lögð fram til kynningar, fundargerð 92. stjórnarfundar Bergrisans bs. frá 23. mars 2026 ásamt ársreikningi 2025.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 11:50.


Jóhannes Gissurarson


Björn Helgi Snorrason


Gunnar Pétur Sigmarsson


Auður Guðbjörnsdóttir


Sveinn Hreiðar Jensson